

Áskell og Mahler

.....
FIMMTUDAGUR 10.11.11



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Hornkonsert Áskels Mátssonar tekur um 18 mínútur í flutningi,
en sífónía Mahlers um 80 mínútur.
Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok verka.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1.
Þeir verða síðan aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

.....
TÓNLEIKAR Í ELDBORG 10. NÓVEMBER 2011 KL. 19.30
.....

Petri Sakari hljómsveitarstjóri
Jósef Ognibene einleikari

.....
Áskell Másson

Hornkonsert (2008, frumflutningur)

Hlé

Gustav Mahler

Sinfónía nr. 9 (1909–10)

Andante comodo

Im Tempo eines gemächlichen Ländlers

Rondo-Burleske

Adagio

Tónleikarnir í kvöld eru tileinkaðir minningu Johanna Rouhiainen-Sakari (1958-2011), eiginkonu Petris Sakari, sem lést í maí síðastliðnum eftir erfið veikindi.

Petri Sakari

hljómsveitarstjóri



Petri Sakari er fæddur í Helsinki og er einn þeirra hljómsveitarstjóra sem átt hafa hvað farsælast samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands undanfara áratugi. Sakari hóf fiðlunám átta ára gamall og innritaðist ári síðar til náms við tónlistarháskólann í Tampere, þar sem hann nam einnig píanó- og óbóleik. Sextán ára að aldri hóf hann nám í hljómsveitarstjórn og hlaut síðar inngöngu í Sibeliusarakademíuna í Helsinki, þar sem kennari hans var Jorma Panula. Að loknu námi þar sótti hann námskeið í hljómsveitarstjórn hjá Murray Sidlin í Aspen í Bandaríkjunum, Franco Ferrara í Siena á Ítalíu og Rafael Kubelik í Luzern í Sviss.

Sakari hóf hljómsveitarstjóraferil sinn aðeins sautján ára að aldri og á námsárum sínum stjórnaði hann meðal annars sinfóníuhljómsveit Tampere-tónlistarháskólans og óperusýningum í Sibeliusarakademíunni. Frá árinu 1983 hefur hann stjórnað öllum helstu hljómsveitum Finnlands, svo sem Finnsku útvarpssinfóníunni og Lahti-sinfóníunni. Árið 1988 tók Sakari við aðalhljómsveitarstjórastöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegndi henni til 1993 og síðan aftur á árunum 1996–1998, en í millitíðinni var hann aðalgestastjórnandi hljómsveitarinnar. Samstarf Sakaris og Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur verið einstaklega farsælt og bera fjölmargir geisladiskar hjá Chandos og Naxos-útgáfunum því gott vitni. Sakari var aðalstjórnandi Lohjasinfóníunnar í Finnlandi 1993–1996, aðalgestastjórnandi Sænsku kammersveitarinnar 1995–1997 og einnig aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gävle í Svíþjóð. Hann gegnir nú stöðu aðalhljómsveitarstjóra Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Turku í Finnlandi.

Jósef Ognibene

einleikari



Jósef Ognibene hefur verið leiðandi hornleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 1981. Hann er stofnfélagi í Blásarakvintetti Reykjavíkur og leikur einnig reglulega með Kammersveit Reykjavíkur og hljómsveit Íslensku óperunnar. Hann fæddist í Bandaríkjunum og hóf tónlistarnám í Los Angeles hjá Ralph Pyle og Vincent de Rosa. Hann stundaði síðan framhaldsnám hjá Hermann Baumann í Þýskalandi og hlaut þriðju verðlaun í keppninni Vorið í Prag árið 1978.

Jósef kemur oft fram í heimalandi sínu og hefur m.a. tekið þátt í tónlistarhátíðum í Colorado og Alaska, auk þess sem hann lék nýlega með Pacific-kammerhljómsveitinni í Los Angeles. Þá hefur hann leikið með London Mozart Players, Sinfóníuhljómsveit San Francisco, Sinfóníuhljómsveitinni í Singapúr, Útvarpshljómsveitinni í Frankfurt og BRT-hljómsveitinni í Brüssel.

Jósef hefur kennt við Tónlistarskólann í Reykjavík í nærri þrjú áratugi og eru flestir meðlimir horndeildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrrum nemendur hans. Hann er listrænn stjórnandi Hornleikarafélags Íslands og var meðal helstu skipuleggjenda Norræna hornþingsins hér á landi árið 2008. Hann hefur flutt og hljóðritað allmörg verk fyrir horn og hljómsveit með SÍ, kennir og leikur við ýmis tækifæri víða um heim, og er meðlimur í ráðgjafarnefnd Alþjóðlega hornleikarafélagsins, International Horn Society.

Áskell Másson

Hornkonsert



Áskell Másson (f. 1953) stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og síðan einkanám í tónsmíðum og slagverksleik í Lundúnum 1975–77. Frá árinu 1983 hefur hann alfarið helgað sig tónsmíðum og hefur samið mikinn fjölda tónverka, m.a. einleiksverk, kammerverk, hljómsveitarverk og söngverk af ýmsum toga. Meðal helstu verka hans má nefna hina ófluttu óperu *Klakahöllina*, stórt hljómsveitarverk í þremur þáttum sem ber yfirskriftina *Sinfonia trilogia*, og óratóriuna *Cecília*, sem er samin til heiðurs verndardýrungi tónlistarinnar.

Áskell hefur á undanförunum árum sótt innblástur að mörgum verka sinna í íslenskan þjóðlagaarf. Svo er einnig hér. Lagið *Píp upp með sætum söng og tón* er nóterað í einu merkasta íslenska söngvasafni sem varðveist hefur frá fyrri tíð: Rask 98, sem einnig gengur undir nafninu *Melódía* og var ritað á síðari hluta 17. aldar. Um uppruna lagsins er allt á huldu og það hefur hvergi fundist í öðrum heimildum.

Tónskáldið lætur eftirfarandi texta fylgja verki sínu: „Verkið hefst á því að þjóðlagið *Píp upp með sætum söng og tón* er kynnt undir mistri í fiðlum hljómsveitarinnar. Skömmu síðar heyrst einnig í fiðlunum síðara aðalstefið, sem einkennist af fallandi ferundum í byrjun, en síðan skala sem klifrar uppávið. Bæði þessi stef fá síðar sín fylgistef. Áberandi í verkinu eru samtöl páka og einleikshljóðfærisins, en þess má geta að slagverksleikari sveitarinnar leikur einnig aðallega á pákur, auk sjálfs pákuleikarans.

Náttúruhorn voru höfundu ofarlega í huga við samningu verksins og því er mikið um að náttúrulegar tónaraðir í hinum ýmsu hlutum hljóðfærisins séu meðhöndlaðar. Eftir inngang verksins þar sem aðalstefin tvö eru kynnt til leiks, tekur við úrvinnslukafli sem er samsettur af nokkrum minni episóðum eða þáttum, og koma þar við sögu öll fjögur áður nefnd stef, auk mótífa sem byggð eru á áður nefndum náttúru-tónaröðum. Eftir að efninu hefur verið velt á ýmsa vegu tekur við kadensa. Þá kemur hraður Allegro-kafli sem leiðir verkið til lykta.

Verkið var samið síðla árs 2008 og kom út á prenti hjá útgáfunni Editions-Bim í Sviss nú nýverið, í tilefni af þessum frumflutningi. Vill höfundur þakka einleikaranum, Jósef Ognibene, fyrir frábært samstarf. Tónskáldasjóður RÚV styrkti gerð þessa verks. Verkið er tileinkað foreldrum höfundar.“

Gustav Mahler

Sinfónía nr. 9



Níunda sinfónía Gustavs Mahlers (1860–1911) var jafnframt hans síðasta. Hann hafði lengi óttast að svo yrði – að sér væri ekki ætlað, fremur en Beethoven eða Bruckner, að semja fleiri en níu verk í hinu stórbrotna sinfóníska formi. Skömmu síðar hóf hann smíði tíundu sinfóníu sinnar, en honum entist entist ekki aldur til að fullgera nema fyrsta þáttinn.

Mahler hóf að semja níundu sinfóníu sína vorið 1909 og hún var fullgerð ári síðar. Þótt hann hafi staðið með báða fætur í tónsmíðahefðum 19. aldarinnar er mikilvægt að átta sig á því að sú níunda er ekki „rómantísk“ sinfónía; hún er að öllu leyti 20. aldar tónsmíð. Þegar Bruno Walter stjórnaði frumflutningi hennar í Vína borg 26. júní 1912, ári eftir andlát tónskáldsins, voru aðeins nokkrir mánuðir þar til *Pierrot lunaire* var frumflutt í Berlín; í Sviss lagði Ígor Stravinskij lokahönd á *Vorblót*. Þó er ytra form sinfóníunnar að vissu leyti hefðbundið. Þetta var fyrsta sinfónía Mahlers í fjórum þáttum síðan hann samdi þá sjöttu á árunum 1903–04, en þó eru kaflar níundu sinfóníunnar ekki í þeirri röð sem oftast tíðkast. Fyrsti þáttur er hægur, þótt hann virðist ávallt stefna að meiri hraða; miðkaflarnir eru báðir hraðir (scherzo og rondó), en lokakaflinn er hægur. Að ljúka sinfóníu með hægum kafla hafði aðeins gerst tvisvar áður í sinfóníska literatúrnum: í *Pathétique*-sinfóníu Tsjajkovskíjs og í þriðju sinfóníu Mahlers sjálfs.

Níunda sinfónían er dökkt og tregafullt verk; Mahler vissi að dagar hans væru senn taldir. Sumarið 1907 var örlagaríkt í lífi tónskáldsins: dóttir hans lést úr skarlatsótt og þegar læknir vitjaði fjölskyldunnar skömmu síðar prófaði hann heilsu húsbóndans, meira í gamni en alvöru. Mahler var hraustur að eðlisfari, sundkappi og göngugarpur, en nú kom í ljós alvarlegur hjartagalli sem síðar leiddi til hjartapelsbólgu og dró hann til dauða. Leonard Bernstein skýrði óreglulegan hryn upphafstaktanna á þann veg að hér væri Mahler að vísa til eigin hjartsláttar, sem átti eftir að bregðast honum fyrr en varði.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Hornkonsert Áskels Mátssonar er frumfluttur í kvöld. Áður hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands leikið fjölmörg verka Áskels, meðal annars konserta fyrir klarínnett (1981), víólu (1984), píanó (1987), básúnu (1989 og 2001), marimbu (1995), tvo slagverksleikara (Crossings, 2009) og fimm slagverksleikara (ORA, 2011).

Sinfónían er kveðja til jarðlífsins, allt frá fyrsta takti til hins síðasta. Aðalstefið fyrsta þáttar er stutt hending, tvær eða þrjár nótur sem hníga í skrefagangi. Mahler auðkenndi þetta stef í skissum sínum með orðinu „Lebewohl“ („Far vel“); hugmyndina tók hann úr píanósónötu Beethovens, *Les Adieux*, sem lýsir kveðjustund, fjarveru og endurkomu. Kveðjustef Mahlers er blítt og dapurlegt til skiptis; þegar það snýr aftur í lokapættinum er eins og hringnum hafi verið lokað. Þegar Alban Berg heyrði sinfóníuna í fyrsta sinn skrifaði hann Helene konu sinni: „Fyrsti þátturinn er það stórkostlegasta sem Mahler samdi. Hann tjáir ást til jarðarinnar, löngunina til að lifa lífinu friðsamlega, að njóta þess fullkomlega, að innstu hjartarótum, áður en dauðinn vitjar okkar, sem hann gerir óhjákvæmilega.“

Mahler fer sér að engu óslega í upphafinu, heldur byrjar á því að mála bakgrunninn tón fyrir tón: fyrst selló, svo horn, harpa og víólur. Eitt merkasta afrek Mahlers í sinfóníum sínum, og ekki síst þeirri níundu, er hvernig honum tekst að tengja saman það sem virðast óskyldar hugmyndir í tónlistinni. Þráðurinn slitnar aldrei þó að sveiflurnar séu með öfgafyllsta móti. Eftir aðeins nokkra takta höfum við farið úr dúr í moll, nýtt og stormasamt stef tekur við, en undirleikurinn er mikið til sá sami svo að viðbrigðin eru ekki eins stór og ella. Eftir því sem líður á kaflann verða sveiflurnar sífellt öfgakenndari. Sérlega eftirminnilegt er til dæmis þegar glæsilegur lúðrabýturinn líkt og gufar upp í miðri hendingu og hornin standa ein eftir; þau leika rytma upphafstaktanna sem aldrei hefur hljómað jafn drungalega og einmitt þá.

Annar kafli er kærkomin hvíld. Mahler hafði dálæti á austurrískum sveitadönsum, og hér hljóma þrír í röð. Sá fyrsti er „klunnalegur og óheflaður“, svo notuð séu orð Mahlers sjálfs. Sá næsti er fjörugri og næstum ógnvænlegur á köflum – Sjostakovítsj lærði ýmislegt af Mahler í þessu samhengi; sá þriðji er ljúfur og friðsæll.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur tvisvar áður flutt níundu sinfóníu Mahlers, árið 1997 undir stjórn Petri Sakari og árið 2005 undir stjórn Vladimirs Ashkenazy. Verkið hljómaði fyrst á Íslandi í mars 1986, á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar æskunnar í Menntaskólanum við Hamrahlíð undir stjórn Pauls Zukofsky.

Þriðji kafli er öllu átakameiri; Mahler kallaði hann „Burleske“ eða skrípaleik, og það um að hann yrði leikinn hratt og með þrjósku. Þýski heimspekingurinn Theodor Adorno sagði að þátturinn einkenndist af „glannalegu fjöri, eins og hann gæti á hverri stundu steypst niður í botnlaust hylldýpi.“ Stefin þeytast hjá með ógnarhraða; fáir kaflar í sinfóníum Mahlers eru jafn „þykkir“ í pólýfónísku tónmáli sínu og þessi. Þegar leikurinn stendur hvað hæst dettur allt í dúnalogn; í fiðlum heyrast sindrandi tremóló á meðan trompet leikur eitt dásamlegasta stef sinfóníunnar. Um stund virðist sem allt muni falla í ljúfa löð en þá snýr skrípaleikurinn aftur, enn brjálaðri en fyrr.

Lokakaflinn hefst með hnígandi „Lebewohl“-mótívínu úr fyrsta þætti. Nú notar Mahler það sem efnivið í einhverja þá ástríðufyllstu laglínu sem um getur – ef nafngiftin „Aría á G-streng“ á einhvers staðar vel við er það tvímælalaust hér fremur en hjá Bach – og hljómsetningin er ekki síður áhrifarík. Lokapátturinn þrífst á andstæðum ekki síður en hinir fyrri. Þegar mest stendur til er eins og botninn detti úr öllu saman og eftir stendur ekki nema einn einasti tónn; oft er sérkennilegt tómahljóð í því sem kemur í kjölfarið á slíkum augnablikum. Þó nær tilfinningaþrungin upphafshendingin sér ávallt aftur á strik og verður áhrifameiri í hvert sinn sem hún hljómar.

Á lokamínútum verksins er komið að kveðjustund. Strengirnir hneigja sig í hinsta sinn, og í örskotsstund vitnar Mahler í *Barnadauðasöng* sinn: „Der Tag ist schön auf jener Höh'n!“/„Dagurinn er fagur uppi í hæðunum“. Að lokum deyr allt út, í bókstaflegri merkingu, því að tónskáldið ritar *erster bend*, eða „deyjandi“, á eftir síðasta hljómnum. Þögnin breiðist yfir allt, og Mahler dregur sig í hlé.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

10. nóvember 2011

1. FIDLA

Una Sveinbjarnardóttir
Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Margrét Tulinius
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Lin Wei
Olga Björk Ólafsdóttir
Mark Reedman
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Martin Frewer
Rósa Guðmundsdóttir
Pálína Árnadóttir
Zbigniew Dubik

2. FIDLA

Greta Guðnadóttir
Roland Hartwell
Christian Diethard
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Greta Salome Stefánsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Helga Steinunn Torfadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
María Weiss
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson
Hlíf Sigurjónsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir

VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrunn Harðardóttir
Svava Bernharðsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir

Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Inga Rós Ingólfsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Auður Ingvadóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Magnea Árnadóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Eydís Franzdóttir
Matthías Nardeau

KLARINETT

Einar Jóhannesson
Guðni Franzson
Helga Björg Arnardóttir
Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason
Darri Mikaelsson

HORN

Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Austin Howle

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

ÞÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson



Borgun er einn af samstarfsaðilum Sinfónúhljómsveitar Íslands og treystir þannig undirstöður sveitarinnar.



BORGUN

AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík • Sími 560 1600 • www.borgun.is

Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
- Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is